

**Nd.**

**583. Lög**

um hvíldartíma háseta á íslenskum botnvörpuskipum.

(Afgreidd frá Nd. 11. maí).

1. gr.

Þegar botnvörpuskip, sem skrásett er hjer á landi, er í höfn við fermingu eða affermingu, fer um vinnu háseta eftir því, sem venja hefir verið, nema annars sje getið í ráðningarsamningi háseta.

2. gr.

Þá er skip er að veiðum með botnvörpu, skal jafnan skifta sólarhringnum í 4 vökur. Skulu  $\frac{3}{4}$  hlutar háseta skyldir að vinna í einu, en  $\frac{1}{4}$  hluti þeirra eiga hvíld, og skal svo skifta vökunum, að hver háseti hafi að minsta kosti 6 klst. óslitna hvíld í sólarhring hverjum.

Fyrirfram gerðir samningar um lengri vinnutíma í senn en fyrir er mælt í þessari grein eru ógildir, en ekki skal það talið brot á ákvæðum hennar, þó háseti, eftir eigin ósk í einstök skifti, vinni lengur í senn en þar er um mælt.

3. gr.

Engin af fyrirmælum 1. og 2. gr. gilda, þá er skip er í sjávarháska eða líf skipshafnar í hættu.

4. gr.

Skipstjóri ber ábyrgð á því, að fyrirmælum þessara laga sje fylgt.

5. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 1000—10000 kr. Mál út af sliikum brotum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1922.